

GJALDSKRÁ

fyrir hreinsun og tæmingu rotþróa í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt, í samræmi við 17. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Borgarbyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hreinsunar og tæminga rotþróa í Borgarbyggð.

2. gr.

Gjaldið er árlega, sem hér greinir:

<i>Rotþró</i>	<i>kr.</i>
2000 lítra og minni	4.500
2001 – 4000 lítra	5.200
4001 – 6000 lítra	6.200

Fyrir rotþrær stærri en 6000 l er innheimt samkvæmt reikningi kr. 3.723 á rúmmetra við losun.

Purfi að fara aukaferð (tæma utan reglubundinnar yfirferðar) er innheimt sérstakt tæmingargjald sem er kr. 20.000 fyrir hverja tæmingu.

Gjaldið verður endurskoðað árlega, þ.e. 1. janúar ár hvert og breytist í samræmi við vísitölu byggingarkostnaðar sem er 377,7 í desember 2007.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar með stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar eftir seinni umræðu þann 13. desember 2007.

Borgarnesi, 2. janúar 2008.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri.